



ÍSLE1XA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

(Íslenska á sérnámsbraut)

Kennari/kennarar:	Linda Rut Larsen, Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Sóley Jónsdóttir og Þorbjörg Lilja Jónsdóttir
-------------------	--

Áfangalýsing:

Viðfangsefni í íslensku er að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskóla. Að nemendur auki orðaforðann sinn og málskilning og treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar, ritunar og tjáningar. Meginhluti áfangans felst í heildstæðri vinnu með lesskilning, orðaforða, málskilning, tjáningu og ritun/stafsetningu.

Önninni er skipt upp í þrjár lotur, hver lota er um 5-6 vikur.

Bókin „Vetrarhörkur“ eftir Hildi Knútsdóttur er lesin. Með hverri lotu fylgir vinnubók með spurningum úr efni bókarinnar og orðskýringum. Aftast í bókunum eru blönduð verkefni. Hverri lotu lýkur með prófi. Auk þessa eru ýmis verkefni sem kennarar finna til s.s. ritunarverkefni, lesskilningsverkefni og spil/leikir.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið

- nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á;
- mikilvægi lestrar og bókmennta
- mikilvægi tjáningar og hlustunar
- ritun og framsetningu texta
- gildi lestrarkunnáttu
- mikilvægi málskilnings og orðaforða

Leikniviðmið

- nemandi skal hafa öðlast leikni í:
- meðferð máls með auknum orðaforða og málskilningi
- að lesa mismunandi texta sér til gagns
- hlustun og úrvinnslu hennar
- ritun mismunandi texta við sitt hæfi
- munnlegri og/eða skriflegri tjáningu

Hæfniviðmið

- nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- að auka sjálfstraust sitt og trú á eigin málfærni í máli og riti
- lesa bókmenntaverk og aðra texta sér til gagns og gamans
- semja stutta texta af ýmsu tagi.
- hlusta á aðra og tjá eigin skoðanir

Námsefni:

- Bókin Vetrahörkur (nemendur þurfa ekki að kaupa hana) eftir Hildi Knútsdóttur.
- Ýmis verkefni frá kennurum þ.á.m. vinnubækur tengdar bókinni Vetrahörkur.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6.- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. Lota 1: Kynning á bókinni Vetrahörkur Kafar lesnir og unnið í vinnubók. Ýmis verkefni frá kennara	
5 - 8	2.-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. Lota 1 kláruðu og byrjað á lotu 2: Kafar í bókinni Vetrahörkur lesnir og unnið í vinnubók. Ýmis verkefni frá kennara.	Eftir lotu 1: Próf
9 - 12	1.-27. mars.	Framhald lota 2. Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Eftir lotu 2: Próf
13 - 16	7.- 30. apríl	Lota 3: Kafar í bókinni Vetrahörkur lesnir og unnið í vinnubók. Ýmis verkefni frá kennara	

17 - 19	4.- 24. maí	Framhald lota 3: Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Eftir lotu 3: Próf
---------	-------------	---	--------------------

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem mest öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og almennt er ekki gerð krafa um heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lotupróf	Þrjú lotupróf á önninni	50%
Vinnueinkunn	Verkefni sem lögð eru fyrir á önninni, vinnusemi, áhugi, hegðun, mætingar og þátttaka í tímum.	50%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?
Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðulands, 8. janúar 2026, kennarar sérnámsbrautar FSu.